



## Jafnréttisnefnd Blönduóssbæjar FUNDUR – 2. maí 2006

Fundur haldinn í jafnréttisnefnd Blönduóssbæjar þriðjudaginn 2. maí 2006 kl. 17,00 á bæjarskrifstofu  
Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Tilnefning til jafnréttisverðlauna.
2. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Eitt af hlutverkum jafnréttisnefndar er að vinna að því að jafna stöðu kynjanna í Blönduóssbæ.  
Jafnframt er það markmiðið að bæði konur og karlar nýti sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar í atvinnulífinu, innan fjölskyldunnar, í félagslífinu og til menntunar.

Ráðunautaþjónusta Húnaþings- og Stranda hefur með ráðningu á konum í hefðbundin karlastörf, stuðlað að jafnrétti kynjanna og gert með því vinnustaðinn hæfari til að sinna hlutverki sínu.

Nefndarmenn hafa því einróma ákveðið að mæla með veitingu jafnréttisverðlauna fyrir árið 2005 til Ráðunautaþjónustu Húnaþings- og Stranda.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:00.

Jófríður Jónsdóttir  
Nína Margrét Pálmadóttir  
Páll Ingbór Kristinsson